

66. FUNDUR

Skipulags- og byggingarnefnd Stykkishólmsbæjar hélt fund miðvikudaginn 9. febrúar, kl. 18:15 í fundarsal Ráðhússins .

Mætt voru: Gétar D. Pálsson, Dagný Þórisdóttir, Þorgrímur Kristinsson, Guðmundur Kristinsson, Þorbergur Bæringsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

DAGSKRÁ

1. Birna Sævarsdóttir og Guðmundur Kristinsson sækja um að byggja einbýlishús á tveimur hæðum að Hjallatanga 11, samkvæmt teikningum Brynjars Daníelssonar frá okt. 04 . Samtals 186.4 m², 582.7 m³.
*Guðmundur Kristinsson vék af fundi undir lið 1.
Erindi samþykkt með fyrirvara um breytingu á hæðarkóta húss og tilfærslu þess á byggingarreit. Leyfirgjald kr.....*
2. Lögð fram byggingarnefndarteikning frá Ísleifi Jónssyni og Sigurbjörgu Jóhannsdóttur um að byggja sólstofu að Árnatúni 9 samkvæmt teikningum frá Verkfræðistofu EK jan. 2005. Samtals 15.2 m² og 44.6 m³.
Erindi var samþykkt. Leyfisgjald kr.....
3. Fyrirspurn frá Þóri Thorlacius um að byggja einbýlishús að Hjallatanga 24 samkvæmt tillöguteikningum frá Bjálkahúsum ehf.
Nefndin tekur jákvætt í erindið með fyrirvara um að aðalmænisstefna verði í samræmi við skipulag.
4. Sótt er um leyfi til að breyta hæðarkótum á einbýlishúsi að Hjallatanga 34. Samtals 223.1 m² og 868.2 m³.
Erindi var samþykkt. Leyfisgjald kr....
5. Erindi um lóðarumsóknir við Reitarveg . Vísað af bæjarráði til skoðunar.
*5.a. Umsókn Erlars Kristjánssonar um að byggja á Reitarvegi 6a samkvæmt tillöguteikningum.
Samþykkt að grenndarkynna fyrir íbúum að Reitarvegi 2 , 4 og 6, þegar að byggingarleyfisumsókn berst.
5b. Umsókn Óla Jón Gunnarssonar um lóð við Reitarveg.
Erindi verður skoðað með tilliti til lóðarréttinda við Reitarveg.*
6. Lagt fram bréf frá Einari Karlssyni vegna skipulags við Aðalgötu. Bréfi vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar.

Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir að byggt sé á reitum M og N. Rétt er samkvæmt athugasemdum frá bréfitara að gera þurfi ráðstafanir á lögnum sem liggja undir byggingarreitum.

7. Frágangur á svæði sunnan við Lágholt 23 og 25.
Lagt er til að gengið verði frá botngötu neðan við Lágholt 23 og 25.
8. Hergarð Jensen sækir um að breyta gluggum á húsi við Skólastíg 10 í upprunalegt horf ásamt að klæða hús með málaðri vatnslæðingu.
Erindi samþykkt með fyrirvara um samþykki Húsfriðunarnefndar. Leyfisgjald kr. 3000.-
9. Breyting á deiliskipulagi af miðbæ Stykkishólms unna af Bæring Bjarnari Jónssyni fyrir Stykkishólmsbæ 31.01.05.
Samþykkt að auglýsa tillöguna.
10. Deiliskipulagstillaga lögð fram að leikskóla og parhúsum við Tjarnarás unna af teiknistofunni Arkís dags. 9. 02.05.
Samþykkt að auglýsa tillöguna.
11. Önnur mál.
 - A) Breyting á Aðalskipulagi: Íbúðarsvæði við Aðalgötu breytt í miðbæjarsvæði. Íbúðarsvæði við Tjarnarmýri breytt í svæði fyrir þjónustustofnanir. Tillaga lögð fram. Tillaga unnin af Bæring Bjarnari Jónssyni dags. 31.01.05
Samþykkt að auglýsa aðalskipulagsbreytinguna.
 - B) Bárður Eypórsson sækir um að hækka hluta af þaki og breyta útliti húss að Lágholti 1.
Gretar D. Pálsson sat hjá undir lið 11.b. Erindi samþykkt. Leyfisgjald kr. 3000.-
 - C) Bílastæðamál við Höfðagötu 27-29.
Nefndin hafnar því að skiki fyrir framan Höfðagötu 27-29 verði skipulagður undir bílastæði þar sem hann liggur við gatnamót Höfðagötu og Skólastígs.

Fleira var ekki rætt.
Fundargerð lesin upp og samþykkt.
Fundu slitið kl. 20:00

Þorbergur Bæringsson (sign)
Þorgrímur Kristinsson (sign)
Guðmundur Kristinsson (sign)
Gretar D. Pálsson (sign)
Dagný Þórisdóttir (sign)
Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir (sign)

